Stefna gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi

Stefna Tækniskólans er að einelti, kynferðisleg áreitni og ofbeldi, kynbundin áreitni, ofbeldi og ótilhlýðileg háttsemi (hér eftir kallað EKKO) í hvaða mynd sem er, sé ekki liðið. Leita skal allra ráða til að fyrirbyggja slíkt og leysa þau mál sem upp koma á sem farsælastan hátt. Í skólanum skal lögð áhersla á að efla vitund starfsfólks og nemenda um mikilvægi jákvæðra samskipta og gera þau einkennandi í skólasamfélaginu, s.s. með fjölþættri fræðslu til starfsfólks og nemenda.

Viðbrögð við EKKO eru nánar skilgreind í eftirfarandi verklagsreglum:

- VKL-0182 Viðbrögð við og meðferð EKKO mála – nemendur
- VKL-0090 Meðferð eineltis, áreitis og ofbeldis - starfsmenn

Í Tækniskólanum er lögð áhersla á góðan starfsanda, þar sem ríkir traust, trúnaður, jafnræði og hreinskilni milli allra starfsfólks og nemenda. Starfsfólki og nemendum ber að temja sér kurteisi og háttvísi í framkomu og sýna hver öðrum tilhlýðilega virðingu og jákvætt viðmót.

EKKO verður undir engum kringumstæðum umborið í skólanum, hvorki í samskiptum starfsfólks, samskiptum nemenda, samskiptum nemenda og starfsfólks eða samskiptum við einstaklinga sem sækja þjónustu til Tækniskólans.

Stefna þessi er sett á grundvelli 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðar nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

1. Skilgreiningar

Einelti: Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi.

Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Kynferðislegt ofbeldi: Kynferðislegt ofbeldi eru kynferðislegar athafnir gagnvart einstaklingi sem ekki hefur gefið eða er ófær um að veita samþykki sitt. Kynferðislegt ofbeldi getur falið í sér:

- Káf og þukl innan sem utan klæða á kynfærum eða öðrum persónulegum stöðum
- Munnmök
- Samfarir eða tilraun til þeirra
- Kynferðislegar myndatökur, áhorf á persónulega staði eða sýna/senda kynferðislegt efni

Ofbeldi: Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáningar þess sem fyrir henni verður. Einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis.

Önnur ótilhlýðileg háttsemi: Getur meðal annars falist í lítilsvirðandi framkomu, klámfenginni háttsemi eða snertingu sem þykir nærgöngul eða óviðeigandi.

Meintur þolandi: Sá sem telur sig verða fyrir einelti, kynferðislegri áreitni eða ofbeldi, kynbundinni áreitni, ofbeldi eða ótilhlýðilegri háttsemi.

Meintur gerandi: Sá sem kvörtun um einelti, kynferðislega áreitni eða ofbeldi, kynbundna áreitni, ofbeldi eða ótilhlýðilega háttsemi beinist að.

2. Gildissvið

Stefnan nær yfir allt starfsfólk og nemendur Tækniskólans, einstaklinga sem koma tímabundið til starfa eða starfa sem verktakar í skólanum sem og nemendur og starfsfólk fyrirtækja/stofnana sem eiga í samskiptum við skólann.

3. Hlutverk starfsfólks

Það er hlutverk alls starfsfólks að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni, ofbeldi eða aðra ótilhlýðilega háttsemi í skólanum. Mikilvægt er að starfsfólk sé vakandi gagnvart allri slíkri háttsemi og tilkynni samkvæmt ofangreindum verklagsreglum.

4. Skyldur stjórnenda

Stjórnendur skulu vinna að því að tryggja gott vinnuumhverfi og að samskipti í skólanum séu í samræmi við stefnu hans. Þeir skulu kynna nýju starfsfólki/nemendum stefnu þessa og verklagsreglur, þegar við upphaf starfs eða náms.

Stjórnendur og starfsfólk skal bregðast við í samræmi við ofangreindar verklagsreglur ef kvörtun eða ábending berst. Þau skulu sýna varfærni, nærgætni og trúnað í öllum aðgerðum.

5. Skyldur starfsfólks/nemenda

Starfsfólki/nemendum er óheimilt að leggja annað starfsfólk/nemendur í einelti, beita kynferðislegri áreitni og ofbeldi, kynbundinni áreitni eða ofbeldi. Brot á reglum getur varðað brottrekstri úr starfi eða námi.